



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 5. febrúar 2020

2001056SA GB
Málalykill: oo.63

Efni: Umsögn um frv. um br. á l. um loftslagsmál, 467. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 23. janúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint frumvarp.

Með frumvarpinu er lagt til aukið aðhaldshlutverk loftslagsráðs gagnvart aðgerðum stjórnvalda í loftslagsmálum, þar sem ráðinu er falið að leggja fram álítsgerð um það hvort aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum uppfylli yfirlýst markmið stjórnvalda og alþjóðlegar skuldbindingar. Jafnframt er lagt til að aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum skuli endurskoðuð eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti í stað fjögurra til að endurspeglar þá brýnu þörf sem er á stigvaxandi eflingu aðgerða gegn loftslagsbreytingum.

Sambandið telur að sjálfstæð og hlutlæg rýni á fyrirhuguðum aðgerðum stjórnvalda í loftslagsmálum sé mikilvægt grundvallaratriði í stefnumörkun hins opinbera og opinberri umræðu þar um. Að álíti sambandsins mætti þó hnykkja enn frekar á því að í álítsgerð skuli einnig lagt mat á forgangsröðun aðgerða með tilliti til kostnaðar- og ábatagreiningar. Þá skuli ráðið fara yfir hvort aðgerðir séu fjármagnaðar og leggur sambandið sérstaka áherslu á að farið sé yfir fjármögnunarþáttinn varðandi aðgerðir sem eru settar á ábyrgð sveitarfélaga.

Að teknu tilliti til framangreindra ábendinga mælir sambandið með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri